

Áveitan

3. töl. 6. árgangur. Mars 2012

Ferð í Klifurhúsið

Ákveðið hefur verið að endurtaka skemmtilega ferð sem farin var á síðasta ári og skella okkur í Klifurhúsið í Reykjavík (klifurhusid.is) fimmtudaginn 15. mars næstkomandi. Þar er hægt að klifra upp um hina ýmsu veggi af öllum stærðum og gerðum. Allir 8 ára og eldri eru velkomnir en krakkar undir 12 ára þurfa að vera í fylgd fullorðinna.

Leigður verður salur og leiðbeinandi sem kennir okkur tökin.

Lagt verður af stað strax eftir skóla eða kl. 14:00 með rútu frá Þjórsárverri og er áætluð heimkoma um 17:30-18:00. Mikilvægt er að taka með sér nesti til að borða á leiðinni þar sem farið verður beint úr skólanum en síðan verður stoppað í sjoppu á heimleiðinni til að fá sér eitthvað gótt.

Ferðin kostar 1500-2000 kr á mann, fer allt eftir þátttöku.

Öllum er velkomið að koma óháð félögum.

Panta þarf í síma 661-1239 (Laufey) í síðasta lagi miðvikudaginn 7. mars þar sem það þarf að panta salinn með viku fyrirvara.

Sjáumst hress
Skemmtinefnd Umf. Vöku



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Hvatagreiðslur

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi 1. febrúar s.l. að veita börnum og ungmennum á aldrinum 6- 18 ára styrki til íþrótt- lista og tómstundaiðkunar. Einnig var samþykkt að veita styrki til æfinga og keppnisferða. Reglunum er ætlað að auðvelda börnum og ungmennum úr Flóahreppi að sinna íþrótt- lista- og tómstundastarfi og sýna þeim ungmennum stuðning sem fara í æfinga- og keppnisferðir innanlands sem utan.

Hvatagreiðslur geta orðið 10.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 20.000 kr. á ári fyrir hvern einstakling.

Styrkir til æfinga- og keppnisferða er veittur sem nemur helming ferðakostnaðar en þó að hámarki 40.000 kr. fyrir hvern einstakling.

Reglur og umsóknir má nálgast á heimasíðu Flóahrepps, <http://floahreppur.gagnavist.is/stjornsysla/samthykkir-og-reglur/> eða á skrifstofu sveitarfélagsins, Þingborg.

Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts.

Reglur um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi hafa verið uppfærðar í samræmi við samþykktir.

Frestur til að sækja um lækkun, niðurfellingu eða styrki verður veittur til 1. apríl n.k.

Umsóknir berist til skrifstofu Flóahrepps, Þingborg. Reglurnar má nálgast á heimasíðu Flóahrepps, http://www.floahreppur.is/wp-content/uploads/2011/12/fasteignagjold_20121.pdf eða á skrifstofu sveitarfélagsins, Þingborg.

Ýmis gjöld

Álagningaseðlar fasteignagjalda ættu að hafa borist eigendum fasteigna í Flóahreppi en gjalddagi fyrstu greiðslu er 1. mars með eindaga 30. mars. Álagningarprósenta fasteignagjalda, vatnsgjalds, lóðarleigu og sorpeyðingar er óbreytt frá síðasta ári.

Einnig er sorphirðugjald fyrir 240 ltr. tunnur óbreytt frá fyrra ári en gjald fyrir 660 ltr. og 1100 ltr. kór hafa hækkað samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar þar um. Það er gert með hliðsjón af því gjaldi sem innheimt er fyrir 240 ltr. tunnuna en hingað til hefur verið greitt hlutfallslega mest fyrir minnstu tunnuna.

Leikskólajöld í Krakkaborg taka breytingum í febrúar ár hvert samkvæmt vísitölu neysliverðs.

Fæðiskostnaður í Flóaskóla og skólavistun taka breytingum tvisar á ári, í ágúst og febrúar samkvæmt vísitölu neysliverðs. Fæðiskostnaður er nú 288 kr. pr/dag en innfalið í því eru ávextir í morgunhressingu, máltíð í hádeginu og mjólk. Gjald fyrir

skólavistun er 480 kr. pr/dag og innifalið í því er vistun frá skólalokum til kl. 17:00 ásamt síðdegishressingu.

Varmadætur í félagsheimilum

Tvær varmadætur hafa verið settar upp í Þjórsárverri og tvær varmadætur verða settar upp í Félagslundi á næstunni. Í Þjórsárverri eru svokallaðar loft/loft dætur sem nýtast vel í stórum opnum rýmum. Í Félagslundi verður sett upp ein loft/loft dæla og ein loft/vatn dæla sem fer inn á ofnakerfi sem er til staðar í Félagslundi. Áætlað er að dæturnar lækki kyndikostnað um allt að 50%. Sé tekið mið af áætluðum kyndikostnaði af heildarráfragniskostnaði fyrir félagsheimilin, eða 85% er hann um 1 mkr. á ári í hvoru húsi fyrir sig þannig að áætlaður sparnaður fyrir Flóahrepp í kyndikostnaði beggja húsanna gæti numið um 1. mkr. á ári. Orkustofnun greiðir niður stofnkostnað vegna varmadælnanna sem nemur allt að 8 ára niðurgreiðslum á kyndikostnaði.

Sólarferð

Leikfélag Selfoss tekur stefnuna til sólríkra stranda í vetur en nú standa yfir sýningar á leikritinu Sólarferð eftir Guðmund Steinsson í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar.

Leikritið gerist á miðjum áttunda áratugnum og fjallar um ferð nokkurra íslenskra hjóna til Costa del Sol. Það gengur á ýmsu og tekið er á því sem gerist á gamansaman hátt en þó með alvarlegum undirtón.

6. ferð verður farin fimmtudaginn 8. mars kl 20:00

7. ferð föstudaginn 9. mars kl 20:00

8. ferð sunnudaginn 11. mars kl 20:00

9. ferð föstudaginn 16. mars kl 20:00

Miðaverð er 2000 krónur.

Fyrir 6 manna hópa og stærri, 1700 krónur.

Miðapantanir í síma 482-2787 eftir kl. 16 á daginn og á leikfelagsselfoss@gmail.com

Leikfélag Selfoss

Frá Flóaskóla

Þrátt fyrir að febrúar mánuður hafi verið óvenju langur þetta árið þá var hann fljótur að líða. Í byrjun mánaðarins hófst ný önn í skólastarfinu eftir námsmat og viðtöl. Nemendur og starfsfólk skólans hafa ekki farið varhluta af flensunni sl. vikur en forföll hafa verið nokkur undanfarið. Við höfum þó ekki látið það slá okkur út af laginu og höfum haft haft í nógu að snúast.

Kennsla var á öskudag í Flóaskóla fyrir nemendur í 1.-7. bekk og var hún með óhefðbundnum hætti. Nemendur lærðu að sauma öskupoka of fengu fræðslu um gamla síði. Síðan var slegið upp balli og kötturinn sleginn úr tunnunni. Nemendur voru að sjálfsögðu í búningum og voru ýmsar kynjaverur á ferðinni í skólanum þennan dag. Kvöldið fyrir öskudag héldu nemendur í unglíngadeild sína skemmtun sem þeir kölluðu „Royal“ kvöld. Á skemmtuninni völdu þeir úr sínum röðum kóng og drottíngu, prins og prinsessu og glaugmosa og björtustu vonina. Einnig voru settir upp leikþættir, sungið og dansað og boðið uppá pizzur í matinn. Mjög vel heppnað kvöld sem nemendur nefndu sjálfir að þeir vildu gera að fastri hefð og halda árlega.

Tvær ferðir voru farnar á skautasvellið í Laugardalnum í Reykjavík, önnur fyrir yngri nemendur og hin fyrir eldri. Allir skemmtu sér vel og var gaman að sjá færni nemenda sem hafa skautað reglulega heima við bæina sína í vetur þegar færi hefur gefist.

Nú stýttist í páska en aðeins eru um 4 vikur til páskaleyfis í skólanum. Rétt fyrir leyfi verða haldnar árshátíðir, annars vegar í 1.-7. bekk og hins vegar í 8.-10. bekk. Nemendur í 1.-7. bekk ætla að setja leikritið „Ávaxtakarfan“ á svið en nemendur í leiklistarvali í unglíngadeild munu leika leikrit fyrir félagana sína og bjóða foreldrum á skemmtunina. Nemendur í 2.-4. bekk hafa verið að vinna þemaverkefni um lífið á Íslandi áður fyrr. Í tengslum við vinnuna heimsóttu þau m.a. „Tré og list“ og gamla bæinn í Meðalholtum. Það er skemmtilegt að geta heimsótt slíka merkisstaði innan sveitar og notað hugvit og athafnasemi sveitunga okkar til að miðla til barnanna.

Með vorkveðju!

Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri

kristin@floaskoli.is / gsm 663-5720

Skemmtiferð Hrossaræktarfélagss Hraungerðishrepps

Stjórn Hrossaræktarfélagss Hraungerðishrepps ætlar að standa fyrir fræðslu- og skemmtiferð laugardaginn 10. mars n.k.

Ætlunin er að fara á þrjá bæi og er búið að ákveða að fara í Vesturkot og Vorsabæ á Skeiðum. Þriðja bæinn á eftir að ákveða, en snæddur verður hádegisverður á Hestakránni.

Síðasta ferð heppnaðist afar vel og viljum við hvetja félagsmenn til að fjölmenna í þessa ferð. Rúta fer frá félagsheimili Sleipnis á Selfossi, Hliðskjálfl kl. 10:00 og tekur fólk svo upp í við afleggjarana á leiðinni austurúr. Pantanir þurfa að berast í síðasta lagi 8. mars til Geirs á Stóru-Reykjum í síma : **6908939**

Frá UMF Baldri

Fréttir

Nú er sá tími hjá Umf. Baldri sem minnst er að gera fyrir hinn almenna félagaga, allir að jafna sig eftir hörku gott þorrablot, stjórnin er þó alltaf að reyna bralla ýmislegt. Næstu verkefni félagsins eru til að mynda þátttaka á Fjör í Flóa sem haldið verður helgina 1.-3. júní. Erum við að leita að einhverju sem við getum gert og eru allar hugmyndir vel þegnar í því sambandi.

Páskahraðskákmót

Í fyrra var páskahraðskákmót Umf. Baldurs endurvakið eftir langan svefn. Ætlunin er að halda mótinu áfram og verður það betur auglýst síðar. Farið því bara að æfa mannganginn og stúdera varnir, til að mæta sem best undirbúinn til leiks. Mótið verður opið öllum óháð félagsaðild.

Flóahlaup Umf. Samhygðar fer fram laugardaginn 14. apríl og hefst kl. 14:00. Vegalengdir sem hlaupnar verða: 3 km, 5 km, 10 km. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Íþróttafréttir

Meistaramót Íslands 15-22 ára var haldið í Laugardalshöll helgina 4.-5. febrúar síðastliðinn. Hér er árangur keppenda frá Þjótanda:

Piltar 15 ára

Jón Þór Pálsson 1997	60 m hlaup	15.	9,26 sek
	Kúluvarp	11.	8,12 m (4kg)

Sveinar 16-17 ára

Víkingur F. Erlingsson 1996	60 m hlaup	21.	8,18 sek
	Kúluvarp	10.	9,65 m (5kg)
	Langstökk	8.	4,93 m
	Hástökk	5.	1,57 m
	200m hlaup	15.	26,69 sek

Arnar Einarsson 1996

60 m hlaup	11.	7,85 sek
Langstökk	4.	5,19 m
Hástökk	9.	1,40 m
200 m hlaup	14.	26,34 sek
Þristökk	4.	10,44 m

Halldór Bjarnason 1996

60 m grind.	9.	11,85 sek
60 m hlaup	27.	8,90 sek
Langstökk	11.	4,50 m
Hástökk	8.	1,40 m

Jón Gautason 1995

60 m hlaup	25.	8,52 sek
Langstökk	10.	4,67 m

Ungkarlar 20-22 ára

Bjarni Már Ólafsson 1991

Þristökk	1.	13,28 m
Langstökk	2.	6,28 m (Vökumet)

Meistaramót 11- 14 ára fór svo fram helgina 25.-26. febrúar. Tveir krakkar héðan fóru á mótið og stóðu sig mjög vel. Stefán varð Íslandsmeistari í Kúluvarpi og Sunna lenti í 2. sæti í boðhlaupi með sveit HSK. Gist var yfir nótt í Laugarnesskóla og mikið fjör. Vonandi náum við að senda fleiri keppendur á næsta ári.

Piltar 12 ára

Stefán Narfi Bjarnason 2000	60m hlaup	13.	9,56 sek
	Kúluvarp	1.	8,11 m
	Hástökk	12.	1,16 m
	Langstökk	11.	3,83 m

Stúlkur 13 ára

Sunna Skeggjadóttir 1999

60m hlaup	19.	9,48 sek
Kúluvarp	7.	9,12 m
Langstökk	17.	4,03 m
60m grind.	15.	13,02 sek

Þjótandabolir

Nú er búið að útbúa boli merkta keppnisliðinu Þjótanda sem er eins og allir vita sameiginlegt keppnislið Baldurs, Samhygðar og Vöku. Þetta eru mjög vandaðir bolir úr poliester sem eru hvítir á lit, með merkjum félaganna þriggja á bringunni og nafni keppnisliðsins á bakinu. Þessir bolir verða notaðir bæði í frjálsum og glímu á héraðsmótum á næstu árum svo nú er um að gera að verða sér úti um bol. Bolirnir kosta 1500 kr stykkið. Guðmunda tekur við bolapöntunum í síma 846-9775 eða á netfangið guo22@hi.is. Svo má auðvitað taka hana tali ef þið rekist á hana á fönnum vegi ☺

Æfingar fyrir lengra komna

Nú eru æfingar fyrir lengra komna búnar að standa yfir í tvo mánuði og ganga vel. Aðeins er þó þátttakan farin að minnka en forsendan fyrir því að æfingarnar haldi áfram er að það mæti margir! Við ætlum að halda þessum æfingum áfram í mars og hvetjum þess vegna alla krakka sem hafa áhuga á því að bæta sig í frjálsum íþróttum til þess að koma svo að þessar æfingar haldi áfram. Lágmarksaldur er 12 ár en krakkar í 8.-10. bekk eru sérstaklega hvattir til þess að mæta. Á æfingunum verður aðallega farið í tækniæfingar og þrek en lítið um leiki. **Hér eftir eiga allir að koma með útiföt með á æfingu til þess að við getum farið út að skokka og tekið spretti!**

Æfingarnar eru á fimmtudagskvöldum í Þingborg kl 18:00☺

Þjálfari

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Aðalfundur Kv. Gaulverjabæjarhrepps verður fimmtudagskvöldið 22. mars í Félagslundi og hefst kl. 20.30.

Venjuleg aðalfundarstörf. Nú verður kosið um ritara og hefur Guðrún Elísa í Hólshúsum ákveðið að hætta sem ritari. Fjölmönnum á aðalfundinn og nýir félagar hjartanlega velkomnir í þennan góða félagsskap.

Þessar eiga að sjá um meðlæti á fundinum: Herdís í Seljatungu, Kristín í Gaulverjabæ og Margrét í Gerðum.

Stjórnin.

Aðalsafnaðarfundur!

Sunnudaginn 11. mars n.k. verður messa í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14.00, og að henni lokinni verður aðalsafnaðarfundur sóknarinnar. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, þar sem m.a. verður farið yfir starf síðasta árs og lagðir fram reikningar kirkjunnar og kirkjugarðsins. Við vonumst til að sjá sem flesta í kirkjunni og á fundinum á eftir.

Sóknarnefndin.

Glímufréttir

Grunnskólamót HSK í glímu - úrslit

Grunnskólamót fór fram í Reykholti miðvikudaginn 1. febrúar. Flóaskóli sendi fjóra keppendur til leiks og stóðu þau sig frábærlega. Guðrún Inga Helgadóttir sigraði í 9. bekk stúlkna, Hanna Kristín Ólafsdóttir sigraði í 8. bekk stúlkna og Þorgils Kári Sigurðsson sigraði í 8. bekk drengja. Jón Gunnþór Þorsteinsson hafnaði svo í 5.-6. sæti í 8. bekk. Frábær árangur hjá krökkunum og lofar góðu um framhaldið

Mót framundan

Skjaldarglíma Skarphéðins verður haldin á Hvolsvelli 24. mars 2012 hefst hún kl. 13:00.

Grunnskólamót Íslands verður haldið á Ísafirði 14. apríl.

Íslandsglíman verður haldin á Ísafirði 14. apríl

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn fimmtudagskvöldið 8. mars n.k. kl. 20.30 í Þjórsárveri. Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Kosið verður um ritara, en Sólveig Þórðardóttir núverandi ritari, gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Nýjar konur ávallt velkomnar í félagið.

Kaffikonur eru: Alda Hermannsdóttir, Aðalheiður Alfonsdóttir, Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir, Anna Fía Ólafsdóttir og Bryndís Ólafsdóttir.

Stjórnin.

Ágætu kvenfélagskonur

Á aðalfundinum mun saumanefndin taka við útsauminum sem við höfum verið að vinna að í vetur. Takið því með ykkur allt sem þið hafið gert og skilið okkur á fundinum.

Nefndin

Heimboð

Vinakvenfélag okkar, Kvenfélagið Seltjörn á Seltjarnarnesi, hefur boðið okkur í Kvenfélagi Villingaholtshrepps að koma til sín þriðjudagskvöldið 20. mars n.k. á skemmtifund. Þær vilja að við mætum með hatt á höfðinu. Við ræðum það frekar á aðalfundinum og þá geta konur skráð sig.

Prjónakvöld

Mánudagskvöldið 12. mars verður prjónakvöld í Þjórsárveri fyrir prjónafólk í Flóahreppi. Allir hjartanlega velkomnir sem hafa gaman af að prjóna, eða bara til að sýna sig og sjá aðra. Byrjum kl 20.30 og verðum eitthvað fram eftir kvöldi, allt eins og hverjum og einum hentar.

Hittumst með prjónaplöggin

Stjórnin.

BOWEN

Verð með Bowenmeðferð heima í Vatnsholti 1 (bláa húsið)

Flóahrepp á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur.

Pantið tíma í síma 8999684/4863404

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir (DIDDA)

Frá Umf. Vöku-úrslit af mótum

Meistaramót Íslands 11.-12. feb. 2012

Bjarni Már Ólafsson

Þrístökk: 1. 13,76 m.

Haraldur Einarsson

100 m 5. 7,19 sek.

200 m.: 6. - (undanrásir 23,02 sek.)

Bikarkeppni FRÍ 18. feb. 2012

Bjarni Már Ólafsson

Langstökk: 4. 6,08 m.

Þrístökk: 3. 13,14 m.

Innanhúsmót Vöku 19. feb. 2012

Stelpur 10 ára og yngri

Hástökk:

1. Elizabeth K. Guarino 0,80 m.

2. Íris Pálsdóttir 0,80 m.

Langstökk án atr.:

1. Elizabeth K. Guarino 1,41 m.

2. Íris Pálsdóttir 1,37 m.

Armbeygur:

1. Íris Pálsdóttir 41

2. Elizabeth K. Guarino 11

Hreystigreip:

1. Íris Pálsdóttir 3:01 mín.

2. Elizabeth K. Guarino 32 sek

Strákar 10 ára og yngri

Hástökk:

1. Dagur F. Einarsson 1,00 m.

2. Unnsteinn Reynisson 0,90 m.

3. Sigurjón Reynisson 0,80 m.

4-5. Daði K. Einarsson 0,70 m.

4-5. Hjalti G. Jónsson 0,70 m.

Langstökk:

1. Dagur F. Einarsson 1,84 m.

2. Unnsteinn Reynisson 1,45 m.

3. Sigurjón Reynisson 1,23 m.

4. Hjalti G. Jónsson 1,21 m.

5. Daði K. Einarsson 1,11 m.

6. Helgi Reynisson 0,79 m.

Armbeygur:

1. Dagur F. Einarsson 33

2. Daði K. Einarsson 27

3. Unnsteinn Reynisson 18

4-5. Sigurjón Reynisson 10

4-5. Hjalti G. Jónsson 10

6. Helgi Reynisson 2

Hreystigreip:

1. Dagur F. Einarsson 1:08 mín

2. Daði K. Einarsson 50,0 sek.

3. Hjalti G. Jónsson 49,3 sek.

4. Unnsteinn Reynisson 40,4 sek

5. Sigurjón Reynisson 18,0 sek

6. Helgi Reynisson 5 sek.

Stúlkur 11-12 ára

Hástökk:

1. Kolbrún K. Jónsdóttir 1,00 m

Langstökk án atr. 1,44 m.

Þrístökk án atr.: 4,13 m.

Armbeygur 1

Hreystigreip: 15 sek.

Strákar 11-12 ára

Hástökk:

1. Sigurður J. Guarino 1,00 m.

Langstökk án atr.: 1,76 m.

Þrístökk án atr.: 4,46 m.

Armbeygur: 16

Stúlkur 14-15 ára

Hástökk:

1. Eyrún Gautadóttir 1,15 m.

Langstökk án atr.: 1,98 m.

Þrístökk án atr. 5,46

Armbeygur: 35

Hreystigreip: 1:04 mín.

Strákar 16-17 ára

Hástökk:

1. Arnar Einarsson 1,45 m.

Langstökk: 2,50 m.

Þrístökk: 6,66 m.

Armbeygur 48

Upphýfingar 10

Dífur 10

Leikhúsgagnrýni:

Sólarferð hjá Leikfélagi Selfoss

Það er hlýtt og notalegt að setjast „um borð“ í litla leikhúsið við Sigtún þar sem Leikfélag Selfoss býður áhorfendum með sér í *Sólarferð* þessa dagana. Áfangastaðurinn er Costa del Sol árið 1976 þar sem áhorfendur „lenda“ fyrir framan herbergisglugga hjónakornanna Nínu og Stefáns sem komin eru á Spánarstrendur sér til afslöppunar og upplýfingar. Þau hjónin og ferðafélagar þeirra eru hinir dæmigerðu íslensku sóldýrkendur á upphafsárum sólarlandaferða, uppveðruð yfir þægindum hóteldvalarinnar, hafa óbilandi trú á sólböðum og þoli sínu gagnvart þeim en sveitamennskan er sjaldan langt undan eins og kemur í ljós þegar tekið er upp úr töskunum. Verkið lýsir á gamansaman hátt þessum ferðalöngum sem komnir eru norðan úr Dumbshafi til að drekka í sig spænska menningu og sólarljós en áhorfendur verða þess fljótt varir að í samskiptum hjónanna og annara persóna eru brestir sem hverfa ekki þrátt fyrir sólarsæluna.

Hjónin Nína og Stefán eru aðalpersónur verksins og eru á sviði nánast allt verkið. Þau Guðfinna Gunnarsdóttir og Guðmundur Karl Sigurdórsson leika þau fumlaut og flæðandi, túlka af einskærri innlifun jafnt ofsakæti hjónanna yfir hótélherberginu góða og samskiptaörðugleika þegar svo ber undir. Aðrir leikarar eru í minni hlutverkum en þó ber sérstaklega að hrósa frammistöðu Baldvins Árnasonar í hlutverki þjónsins Manola sem hann túlkar af miklum sannfæringarkrafti svo ekki sé minna sagt. Eins verður að nefna góðar innkomur hjá Írisi Árný Magnúsdóttur í hlutverki Stellu sem fer á kostum í spönskum flamenco dansi um svið og sal. Í heild sinni er leikurinn góður og hópurinn vel samstilltur.

Leikfélag Selfoss hefur í gegnum tíðina lært að nýta plássið vel í litla leikhúsinu sínu og það gera þau svo sannarlega í þessari uppsetningu. Leikmyndin er sniðuglega hönnuð og nær með leikmunum og búningum að færa áhorfandann á sannfærandi hátt 35 ár aftur í tímann. Hljóð og ljós eru vel unnin, þó bar örsjaldan á því að skuggi félli á leikara.

Samantekið er *Sólarferð* vel heppnuð sýning og hefur LS með henni verið færð enn ein rós í hnappagatið. Að því sögðu vill undirritaður hvetja lesendur Áveitunnar til að taka fram sólarvörn og sandala og bóka *Sólarferð* sem fyrst.

Stefán Geirsson

Munið íþróttæfingar sem í boði eru hjá ungmennafélögunum í Flóahreppi:

Mánudagar kl. 20-21: Glímuæfing í Félagslundi. Þjálfari Stefán Geirsson.

Priðjudagar kl. 18:30-20:00: Frjálsíþróttæfingar fyrir 11 ára og eldri í Þingborg. Þjálfari Guðmunda Ólafsdóttir.

Miðvikudagar kl. 12:30-13:50: Íþróttæfingar fyrir 7-10 ára í Þjórsárverri og Þingborg. Þjálfarar Sigrún Arna Brynjarsdóttir og Örvar Rafn Hlíðdal.

Fimmtudagar kl. 18:00-19:30: Frjálsíþróttæfingar fyrir "lengra komna" í Þingborg. Ætlaðar fyrir 12 ára og eldri sem vilja ná árangri í frjálsum. Þjálfari Guðmunda Ólafsdóttir.

Ungmennafélögin

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja
Nýsmíði, viðhald, breytingar
Erum með traktors- og beltagröfu

Kríutangi ehf.

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S: 8934933

Hrossaræktarferð um Rangárvallasýslu

Hrossaræktarfélag Villingaholtshrepps stendur fyrir hrossaræktarferð um Rangárvallasýslu 10. mars n.k.

Félagsmenn hafa forgang en ferðin kostar 3000 kr. fyrir þá og 4000 kr. fyrir utanfélagsmenn.

Mikilvægt að skráning berist fyrir kl: 22.00 þann 7.mars þannig að hægt sé að panta rétta stærð af langferðabíl.

Skráning í ferðina er hjá Óðni síma 866-1230 eða í foli72@gmail.com og hjá Atla síma 898-2256 eða atligeir@hive.is

Stjórnin

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishrepps verður haldinn fimmtudaginn 15. mars kl 13 á Stóra-Ármóti.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf auk fræðsluerindis.

Stjórnin.

Ágætu sveitungar

Nú er búið að dagsetja fjölskyldu- og menningarhátíðina Fjör í Flóa og verður hún haldin helgina 1.-3. júní. Viljum við minna á að hægt er að vera með ýmiskonar handverk til sýnis og sölu þessa daga. Þeir sem áhuga hafa fyrir því að vera með sýningar eða sölubása eru beðnir um að hafa samband fyrir 15. apríl við eftirtalda aðila:

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir - Sími: 899-9684 vatnsholt1@isl.is
Anný Ingimarsdóttir - Sími: 861-8368 anny@isart.is
Ingibjörg Einarsdóttir - Sími: 691-7082 langsstadir@simnet.is

Fréttir frá Krakkaborg

Í febrúarmánuði var margt um að vera hjá okkur í Krakkaborg. Dagur leikskólans var haldinn 6. febrúar en þann dag árið 1950 stofnuðu leikskólakennarar fyrstu samtök sín. Er dagur leikskólans samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka heimilis og skóla. Í tilefni dagsins tóku deildarstjórar á öllum deildum saman nokkur gullkorn frá börnunum og hér koma nokkur þeirra:

Nokkur börn voru í dýnuleik og eitt barnið var að reyna að ná sambandi við annað barn. Það gekk upp og ofan og loks heyrðist: „Hlustaru ekki einu sinni á fólk?“

Tvö börn voru saman í leik og þá heyrðist: „Mamma ég ætla að fara að skjóta í matinn“.

Við matarborðið: „Ég ætla að borða svo mikið að ég verði alveg eins feitur og pabbi minn“. Kennarinn: „Pabbi þinn er nú ekki svona feitur“. Barnið: „Jú, þekkir þú hann?“. Kennarinn: „Já, ég hef séð hann nokkrum sinnum“. Barnið: „Hann er bara búinn að borða svo mikið síðan þú sást hann síðast“.

Dag einn er pasta í matinn í leikskólanum. Einn drengur horfir á pastað á disknum sínum og segir svo: „Pabbi minn segir að þetta sé ekki matur“.

Nokkur börn eru að leika sér í dúkkukróknum. Ein stúlka er búin að leggja á borð, kallar svo til hinna barnanna og segir: „Gjöriði svo vel, má ekki bjóða ykkur súkkulaðiköku og brennivín“?

Krakkarnir á Strumpadeild eru að syngja um krummann á skjánum. Þegar lagið er búið heyrast í einu barni: „Afhverju eru þessir bóndar alltaf svona reiðir“?

„Mamma mín er rosalega stór, hún á líka tvo bíla“

Hádegismatur á Bangsadeild: Einn drengurinn borðar fisk og kartöflur og fær rúgbrauð líka. Þegar hann er búin með ½ brauðsneið, segir hann; „Viltu meiri brauðsneið elskan mín" við einn kennarann. Sama dag í hvíldinni segir hann; „Sofðu rótt elskan mín.“

Bolludagur og sprengidagur voru hefðbundnir hjá okkur þar sem börnin fengu rjómaþollur á bolludag og saltkjöt og baunir á sprengidag. Á öskudaginn höfðu börnin búið til búninga á sig sem þau gátu valið um að koma í á öskudaginn og fóru börnin í salinn til að slá köttinn úr tunnunni. Við vinnum eftir hugmyndafræði John Dewey og var lýðræði ofarlega í huga Dewey. Hann leit á skóla sem lýðræðislegt samfélag þar sem samvinna er allsráðandi á milli ólíkra einstaklinga sem hafa ákveðið hlutverk. Með því er fjölbreytileika fagnað í umhverfinu og virðing allsráðandi. Því lagði hann áherslu á að skapa lýðræðislegt umhverfi og fara millivegin á milli þess að hafa algjört frelsi eða valdboð. Með því að bjóða börnunum að búa til búninga og hafa val um það hvort þau kæmu í honum eða öðrum búningi á öskudaginn er einn liður okkar í að skapa lýðræði í leikskólanum. Elstu tígrar fóru í 2 skólaheimsóknir í febrúar og var sú seinni á öskudaginn. Voru þau svo heppin að fá að upplifa öskudagsball tvisvar sinnum þennan dag, fyrst með nemendum úr Flóaskóla og svo með deildinni sinni í sal Þingborgar. Skemmtu þau sér konunglega á þessum viðburðum.

Bestu kveðjur úr Krakkaborg

Messa og aðalsafnaðarfundur!

Fjölskyldumessa verður í Villingaholtskirkju sunnudaginn 11. mars kl. 13.30. Prestur sr. Kristinn Á. Friðfinnsson. Organisti Ingi Heiðmar Jónsson. Kór Hraungerðis- og Villingaholtssókna leiða söng.

Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður að lokinni messu.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur settur.
2. Lesin fundargerð síðasta fundar.
3. Reikningar sóknarinnar skýrðir.
4. Ársskýrsla sóknarnefndarformanns.
5. Fyrirhugaðar framkvæmdir í kirkju og kirkjugarði.
6. Önnur mál.

Við hlökkum til að sjá ykkur í kirkjunni okkar!

f.h. sóknarnefndar

Sólveig Þórðardóttir, gjaldkeri

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	5. mars
Æfing eldri	6. mars
Æfing yngri	7. mars
Frjálsar fyrir lengra komna	8. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	8. mars
Skemmtiferð Hrossaræktarfélag. Hraung.hr.	10. mars
Hrossaræktarferð Hrossar.fél. Villingah.hr.	10. mars
Héraðsþing HSK	10. mars
Messa og aðalsafnaðarfundur í Gaulv.bæjark.	11. mars
Messa og aðalsafnaðarfundur í Villingaholtsk.	11. mars
Glímuæfing	12. mars
Þrjónakvöld í Þjórsárveri	12. mars
Æfing eldri	13. mars
Æfing yngri	14. mars
Ferð í Klifurhúsið fyrir alla	15. mars
Frjálsar fyrir lengra komna	15. mars
Aðalfundur Búnaðarfélags Hraungerðishr.	15. mars
Glímuæfing	19. mars
Æfing eldri	20. mars
Æfing yngri	21. mars
Frjálsar fyrir lengra komna	22. mars
Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps	22. mars
Skjaldarglíma Skarphéðins	24. mars
Glímuæfing	26. mars
Æfing eldri	27. mars
Æfing yngri	28. mars
Frjálsar fyrir lengra komna	29. mars



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160